

Mál nr. 38/2013
M
og V vegna slysatriyggingar ökumanns X.

Slysatriygging ökumanns vegna umferðarslyss 23. nóvember 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. janúar 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. febrúar 2013, ásamt bréfi V dags. 20. janúar 2012.

Málsatvik.

M slasaðist þegar bifreiðin X valt á N-vegi 23. nóvember 2011. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og í henni hafi verið einn farþegi. Lögregla ók þeim báðum á sjúkrahús í N eftir bílveltuna. Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir M að hann hafi ekið á 80-85 km hraða en hann hafi verið að stilla útvarp þegar hann missti stjórn á bifreiðinni og hafi ekki verið með hugann við aksturinn eða augun á veginum. Ekkert er haft eftir farþega bifreiðarinnar varðandi aðdraganda árekstursins.

M telur að hann eigi rétt á fullum bótum úr slysatriyggingu ökumanns bifreiðarinnar X. M telur að það sem haft hafi verið eftir honum á slysstað sé ekki í samræmi við raunveruleikann og telur að bílveltuna megi rekja til þess að ísing hafi myndast skyndilega á veginum.

V telur í fyrsta lagi að með því að úrskurðarnefndin hafi ekki móttakið málskot M fyrr en 25. janúar 2013 hafi ársfrestur 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verið liðinn, þar sem V hafi sent M höfnunarbréf að hluta dags. 20. janúar 2012. Í öðru lagi telur V að takmarka eigi ábyrgð þess um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis M við aksturinn. Vísar V til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu um að hann hafi ekki haft hugann við aksturinn auk þess sem M hafi ekið of hratt m.t.t. 36.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V vísar til 90.gr. laga um vátryggingarsamninga máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málskoti kemur fram að höfnunarbréf V dags. 20. janúar 2012 hafi verið móttakið af hálfu M 22. janúar 2012. Við mat á frestum 2.mgr. 51.gr. og 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga hefur úrskurðarnefnd haft til hliðsjónar að málskotsgjald sé greitt áður en ár er liðið frá móttöku höfnunarbréfs. Í málinu er upplýst að málskotsgjald úrskurðarnefndar var greitt af hálfu M þann 21. janúar 2013. Verður því ekki talið að málskotið fari í bága við framangreind ákvæði. Með vísan til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu telst það nægilega sannað að hann hafi ekki verið með huga við aksturinn í greint sinn. Ekki hefur komið fram sönnun þess að ranglega hafi verið eftir M haft af hálfu lögreglu. Verður háttsemi M metin sem stórkostlegt gáleysi í skilningi 2.mgr. 27.gr. laga um vátryggingarsamninga. Í ljósi eðlis slysatriyggingar ökumanns er hún skaðatriyggung, sbr. Hrd. 194/2011, og verður því ekki miðað við 1.mgr. 90.gr. sömu laga. Ekki er ágreiningur um annað en takmörkun ábyrgðar V um þriðjung og er sú ákvörðun staðfest.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta úr slysatriyggingu ökumanns hjá V að 2/3 hlutum.

Reykjavík 26. febrúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.